

4. gr.

Úrskurðir undanþágunefndar skulu vera skriflegir.

Verði ágreiningur í nefndinni um heimild til lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólástjóra og öðlast gildi hinn 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	Kr.
Vegna bifreiðar	400,00
Vegna bifhjóls	400,00
Vegna bifhjóls með hjálparvél	300,00
Vegna vélsleða	300,00
Vegna heimilisdráttarvélar	300,00
Vegna rafstöðvar	150,00
Vegna súgþurrkunartækis	150,00
Vegna heyblásara	150,00
Vegna trillubáta	1 200,00

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 49/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1987. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 19/1986 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson